

BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

627. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 7. desember 2009 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga.
3. Málefni Flugleiðahótela ehf.
4. Bréf framkvæmdastjóra Selaseturs Íslands ehf..
5. Fundargerð 769. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
6. Viðræður við fulltrúa Landssambands slökkviliðs og sjúkraflutningamanna..

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss eru mættir til fundar við byggðarráð. Greint frá framkvæmdum í Ípróttamiðstöð, íbúðum aldraðra, hitaveitu og við uppsetningu jólaskreytinga Forstöðumaður tæknideildar skýrði frá viðræðum við Reynd að smíða ehf. um byggingu 1. áfanga að byggingu vaðlaugar við Ípróttamiðstöð Húnaþings vestra. Leggur hann til að báðum tilboðunum í verkið verði hafnað en haldið verði áfram viðræðum við lægstbjóðanda. Byggðarráð samþykkir tillöguna.
2. Lagt fram til kynningar bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 30. 11.2009 um tilfærslu á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga. Samþykkt að senda félagsmálaráði og sveitarstjórn ítarlegri gögn um málið og fá síðan fulltrúa félagsmálaráðs og félagsmálastjóra til fundar við byggðarráð.
3. Lagt fram erindi Flugleiðahótela ehf. dags. 27. nóvember 2009 um leigu á Laugarbakkaskóla. Sveitarstjóra falið að ganga til viðræðna við þá um samning til þriggja ára í samræmi við erindi þeirra.
4. Lagt fram bréf framkvæmdastjóra Selaseturs Íslands ehf. þar sem hún lýsir áhyggjum af ástandi og merkingum vega á Vatnsnesi og hugmyndum um uppsetningu upplýsingaskilta. Byggðarráð ítrekar mikilvægi þess að sett verði bundið slitlag á héraðs- og tengivegi samkvæmt fyrirliggjandi tillögum um forgangsröðun. Ég undirritaður legg til að á Vatnsnesvegi nr. 711, Síðuvegi nr. 716 og Borgarvegi nr. 717 verði sett upp skilti nr. D-06.11 við öll útskot. Sjá neðangreint Útskot –D06.11 **M** Merki þetta er notað á mjóum vegi þar sem sérstök aðstaða er til að mætast eða aka framúr. Oddur Sigurðarson
5. Lögð fram til kynningar fundargerð 769. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
6. Fulltrúar Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Sverrir Björn Björnsson formaður LSS og Valdimar Leó Friðriksson, framkvæmdastjóri LSS. eru mættir til viðræðna við byggðarráð um gerð kjarasamnings vegna slökkviliðsmanna. Sveitarstjóra falið leggja fram samanburð á núverandi kjörum slökkviliðs og samnings LN. við LSS.

Fundagerð upplesin og samþykkt.

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),
Elín R. Líndal(sign.),

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).

Fundi slitið kl. 12:20.

Guðrún Ragnarsdóttir(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.),